Guðmundur Jónsson:

# Hoffell

Þegar ég nú byrja að skrásetja örnefni í Hoffellslandi, set ég fyrst afrit af landamerkjabréfum þeim, sem nú gilda fyrir Hoffellseignina. Þau voru gerð á árunum 1911 og 1912, á þeim árum, sem byrjað var að vinna silfurberg í Hoffellsnámunni. Voru þá ýmsir, sem álitu, að Svínafell og Setberg ættu einnig þessa námu, þar sem ekki fundust skrásett landamerki milli jarðanna, þrátt fyrir það þótt jarðirnar hefðu hver fyrir sig ákveðin landamerki frá ómunatíð, sem vötn réðu að mestu og ábúendur jarðanna höfðu hagnýtt þannig og enginn ágreiningur var um. Hins vegar voru skrásett landamerki um þessar þrjár jarðir í einu lagi, sem hefur sennilega verið frá þeim tíma, sem jarðirnar voru allar í einni eign. Lá nærri, að málaferli yrðu út af þessu, þar sem maður nokkur eða félag leigði á þessum tíma námurétt í jörðinni Svínafelli og hálfu Setbergi. Hinn helmingurinn tilheyrði Hoffellseigninni og var ekki gefinn falur, enda vitnaðist það brátt, að hugmyndin var að fá námurétt í þessum jörðum til að verða hluthafi í silfurberginu. En eigandi og ábúandi Svínafells, Árni Bergsson, sagðist tilbúinn, hvenær sem væri, að skrásetja landamerki milli jarðanna Hoffells og Svínafells, þau sem alltaf hefðu gilt, og sér hefði ekki dottið í hug, þegar hann leigði námurétt í Svínafellslandi, að hann ætti nokkurt tilkall til Hoffellsnámunnar. Voru þau landamerki þegar skrásett. Var þá aðeins hálft Setberg eftir, og þótti leigjandanum þá ekki ráðlegt að fara lengra, og samdist þá um, að landamerki milli Hoffells og Setbergs væru einnig skráð.

Landamerki milli Hoffells og Svínafells: Við undirritaðir, eigendur jarðanna Svínafells og Hoffells í Nesjahreppi í A.-Skaftafellssýslu, lýsum því yfir, að landamerki milli þessara eignarjarða okkar, Svínafells og Hoffells, eru og hafa verið eins og hér segir: Stefna frá jöklinum um miðjan Sand (1) niður í Gildrasker (2). En Hoffellsmegin við þessa markalínu engjahólma, er nefnast Kringlur.

Gjört að Hoffelli 7. júlí 1911: Jón Guðmundsson, Árni Bergsson. Vitundarvottar: Sigurður Sigurðsson, Gunnar Sigurðsson. Við viljum enn fremur taka fram, að landamerkin, frá því jökullinn byrjar að neðan, milli Svínafells og Geitafells, liggur markalínan á Jökli (3) milli Hoffellsmúla (4) og Gæsaheiða (5).

Hoffelli, 7. júlí 1911: Jón Guðmundsson, Árni Bergsson. Vitundarvottar: Sigurður Sigurðsson, Gunnar Sigurðsson.

Landamerki milli Hoffells og Setbergs:

Við undirritaðir, eigendur og umboðsmenn jarðanna Hoffells og Setbergs í Nesjahreppi í A.-Skaftafellssýslu, lýsum hér með yfir því, að landamerki milli nefndra jarða eru þannig: Frá markalínu þeirri, sem skilur Krossbæjar-, Setbergs- og Hoffellsland liggja landamerki milli Péturshólma (6) og Ólafstanga (7), austan við Mosahólmana (8), vestan við Arnarbæli (9) eftir ánni neðan við Grænabakka (10), Tjarnarhraun (11) og Tjarnarhraunsrima (12) að Setbergsáarmynni (13). Svo ræður Setbergsá (14) mörkunum að svokölluðum Skógargötum (15), þar sem uppspretturnar að Setbergsá falla saman. Þaðan liggja mörkin milli Miðeyjar (16) og Austustu-Eyjar (17) og svo inneftir dalnum eftir áareyrunum, mitt á milli hlíða, og upp í jökul milli Fossdalshnútu (18) og Vatnsskerja (19). Hoffellslambatungur (20) fylgja Hoffelli, en Reifsdalur (21) sameign jarðanna eftir dýrleika þeirra nú. Veiði á Setberg ásamt Hoffelli, bæði í Hoffellsá (22) frá landamerkjunum að neðan og upp í Setbergsáarmynni (23) og Setbergsá.

Hoffelli í júní 1912: Jón Guðmundsson, Þórarinn Sigurðsson. Samþykkir fyrir Nesjahrepp: Þórarinn Sigurðsson, Guðmundur Jónsson, Benedikt Eyjólfsson, Gunnar Jónsson, Sigurður Pétursson.

Þegar landamerki voru skráð milli Hoffells og Svínafells, datt mér í hug, af því jökullinn var þá mjög að eyðast, að vel gæti svo farið, þegar tímar liðu, að undan jöklinum kæmu einhver verðmæti, sem ágreiningur gæti risið út af, fékk því sett inn á eftir ákvæðið um jökulinn, sem samningurinn hljóðar um. Gildrasker er hornmark milli Hoffells og Krossbæjar að sunnan og Svínafells að vestan; venjulega er það kallað Gildrasker, á sennilega að vera Gildrusker (24). Hornafjargarfljót (25) umlykja það meira og minna, og hafa kindur orðið þar tepptar, einkum á haustin, þegar fer að frjósa; gæti nafnið komið af því. Pétursbólmi (26) er hornmark milli Hoffells og Krossbæjar að sunnan og Setbergs að austan, en svo hefur verið talið, að bæði Gildrasker og Pétursbólmi tilheyrði Hoffelli, en bæði skerið og hólminn virðist lítils virði. Hoffellstúnið (27) - Austurtún (28) - Vesturtún (29).

Framundan bænum efst við Traðirnar (30) að austanverðu heitir Hvannstóðshóll (31). Yfir Traðirnar neðarlega er klapparhryggur, sem heitir Völvuleiði (32); engar sagnir eru um það.

Þar sem Traðirnar koma saman við veginn, sem liggur niður að Sandinum, heitir Traðarendi (33). Fyrir austan veginn þar var nátthagi, sem nú er sléttaður í tún og hét Efri-Nátthagi (34). Þar hét áður Réttarklettsbarð efra (35), og eru nú nýju fjárhúsin framan í því og þar girðing fyrir neðan, sem nú er kölluð Nátthagi (36), og Réttarklettsbarð neðra (37), sem grjótgarðurinn að neðan liggur eftir, en nafnið á vörðunum gildir nú aðallega fyrir hæðirnar á veginum. Fyrir austan Nátthagann eru rof, sem kölluð eru Mógrafir (38). Þar var mór tekinn fyrir nokkrum árum, en þótti ekki borga sig og því hætt við hann. Þar fyrir ofan og austan hét Mýri (39) en er nú ræst í tún. Í gamla túngarðinum austur af bænum var Sumarfjós (40), sem nú er sléttað niður; er gata þangað austur, sem hefur verið kölluð Fjósgata (41) að þessu. Efst á girðingunni að austan hét Stöðull (42). Þar voru kýr mjólkaðar á sumrin, lengi eftir að ég man eftir, en ær þá í færigrindum; áður höfðu þar verið Kvíar (43) líka og ærnar mjólkaðar í þeim. (Kvíar hafa verið úr torfi og grjóti. S. E.) Þar vestur með girðingunni heita Hólar (44). Þar er djúp laut milli tveggja hóla, sem kölluð er Trúlofunarlaut (45). Það lenti einu sinni kvenmaður og karlmaður saman við heyskap í lautinni, og varð þá einhverjum að orði í gamni, að þau væru komin í Trúlofunar-lautina, og hefur nafnið haldizt síðan. Fyrir vestan Hólana er Skriðuhlaup (46) og austan við það Stórabjarg (47); var það klettur, sem hrapaði úr fjallinu; var það að mestu brotið upp í grjótgarðinn. Fyrir ofan og austan bæinn er hóll, sem heitir Smiðjuhóll (48). Fyrir austan gömlu girðinguna er nú Nýjatún (49), en allt túnið fyrir ofan bæinn Brekkutún (50). Kinn (51) heitir upp og vestur af bænum. Þar hafa Lambhúsin (52) lengi verið og voru kölluð Kinnarhús (53); er nú búið að jafna þeim við jörðu. Skammt fyrir ofan húsaþorpið vestast er lítil hæð. Þar var brunnur, sem neyzluvatn var tekið úr, áður vatn var leitt í bæinn í pípum. Þessi brunnur er þar enn, en yfir honum er hella og sléttað yfir; hann var talinn 12 álnir á dýpt. Áður en hann var grafinn, var vatnið í bæinn sótt í Fúlapoll (54); hann er í lægð vestan við Kinnina, og var hann fylltur upp; er þar mýrarblettur; þar í kring er kallað Fúlapollstún (55). Þar lítið neðar og vestar innan girðingar er klettur, sem heitir Prestaklettur (56); neðan við hann er sáðgarður, sem er kallaður Klettgarður (57). Sú sögn er um klettinn, að þar hafi einu sinni setið 18 prestar á ráðstefnu og hefði þá kletturinn fallið yfir þá úr fjallinu og enginn undan komizt. Neðst í túninu að vestan er spilda, sem heitir Krangi (58), óx illa, var krangalegt; magrir krakkar eru krangalegir. Þar ofar og austar er Hesthúshóll (59); var þar lengi hesthús, en er nú sléttað. Fram undan bænum vestan traðanna er upphækkun mikil og grónar tættur, sem að mestu er sléttað. Það heitir Gamli-Garður (60). Þar var heygarður og fjós fram yfir aldamótin 1800. Þar fyrir

neðan er mýri, sem heitir Fjósamýri (61) og klettur, sem heitir Fjósaklettur (62).  Um hann er sú sögn, að eitt skipti, er kúnum var hleypt í vatn að dýi, sem þar var í mýrinni, sá fjósamaðurinn naut koma frá klettinum og fara til kúnna.  Var ein kýrin að ríða, og stökk nautið þegar upp á kúna, en hvarf síðan aftur við klettinn. Kýrin hafði þann tíma, og kálfurinn, sem hún fæddi, var rófulaus, en að öðru leyti eins og aðrir kálfar.  Hann var alinn og þroskaðist vel, en ekki er þess getið, hvort hann var snemmborinn, en um vorið, þegar hann fór að ganga úti, hvarf hann og sást aldrei síðan; var álitið, að eigandi nautsins hefði tekið hann.

Girðingin utan túns:  Fyrir neðan túnið vestan vegarins eru klettar, sem heita Réttarklettar (63); þar var fjárrétt áður.  Síðan var sett þar girðing og kölluð Neðri-Nátthagi (64).  Lækur er þar, sem hefur uppsprettur milli klettanna og heitir Réttarklettslækur (65).  Þar niður undir heitir Tangi (66), sem graslendið nær lengst út í sandinn.  Rofbakkar (67) heita þar upp af.  Arnarbæli (68) heitir klettatangi, sem myndar horn að vestan.  Fremsti kletturinn heitir Arnarbælisklettur (69), þar fyrir austan Arnarbælismýri (70) og Arnarbælistjörn (71), en upp frá Arnarbæli eru móar og klappahryggir, sem heita Vestur-Bringur (72).  Þar er einn klettur, sem nefndur er Strýta (73), en vestan í móti meðfram Sandinum Arnarbælishvammar (74). Þá er Tófulæksbarð (75) og lækur þar fyrir innan, sem heitir Tófulækur (76); í honum er foss, sem myndast af mólagi, og heitir hann Tófulæksfoss (77), og niður við Sandinn heitir Tófulæksmynni (78). Um tíma var kornmylla á þessum læk, og hét þá nokkur hluti af honum Myllulækur (79). Þar fyrir innan er Stekkatúnið (80), sem síðast var notað, og heitir þar Stekkatún (81), Stekkatúnsbakki (82), Stekkatúnsrof (83), Stekkatúnshvammar (84), Stekkatúnsgil (85), Stekkatúnsaur (86), Stekkatúnslækur (87) og Stekkatúnsklettar (88). Þar neðar nær túninu Þvottadý (89) og Dýklettar (90).  (Eftir aurunum fyrir vestan rennur kvísl, sem heitir Landræsi (91); falla Hornafjarðarfljót oft í það.) Upp af bænum fyrir ofan girðinguna Hvammur (92) og Brekkur  (93) og efsti tanginn af Brekkunum Litlarófa (94), og þar upp af í Skriðunum (95) grastó, sem kallað er Toddi (96). Fyrir vestan Hvamminn heitir Hjalli (97). Þaðan er vatnsleiðsla og rafleiðsla, og þar er vatnsgeymir, hlaðinn úr torfi, sem vatnið fyrir rafleiðsluna er geymt í þann tíma, sem vélarnar eru ekki í gangi.  Þar fyrir vestan eru klettar, sem heita Strýtuklettur (98), Fataklettur (99), þurrkuð föt, og Hjallklettur (100). Hildarlækur (101) er þar, uppspretta undan fjallinu, þar upp af er mikil skriða,sem heitir Hildarhaugur (102); Hildarhaugsbrekkur (103) eru framan í og framan við skriðuna og Hildarhaugstoddar (104) þar ofar. Upp af skriðunni er gil í fjallinu, sem heitir Hildargjót (105). Annað hvort er hér um að ræða kvenmannsnafn eða fornmannadys, sem getur

verið horfin í jörð eða undir skriðuna. Einstakur klettkambur er þar nokkuð innar, sem heitir Brókarkambur (106); mun nafnið komið af því, að göngumenn hafa oft skilið þar eftir brækur sínar, er þeir hafa farið í fjallgöngur. Ranghali (107) heitir næsti klettur og Ranghalabrekka (108) framan við hann og Ranghalamýri (109). Þá eru næst Geithús (110), Geithúsklettar (111), Geithúsamýri (112) og Geithúsabrekka (113). Girðingin liggur um Geithúsklettana upp í fjallið, og þar í hamar, sem heitir Vegghamar (114). Þar upp af vestan á fjallinu heita Geithúsafláar (115) og Geithúsagil (116), þar næst Stóruskriðubotn (117) uppi og Stóraskriða (118) niður undan, Stóruskriðumýri (119) og Stóruskriðubrekka (120). Þar fyrir innan heita Klettar (121) niðri, en Rani (122) uppi, Ranagil (123), Hárani (124), Lágrani (125), Ranabrekkur (126) og Grjóthnaus (127). Í klettunum eru tveir nafngreindir, Kvíaklettur (128) og Fremri-Kvíaklettur (129). Er nafnið komið af því, að þeir eru eins og kvíar í lögun. Undir einum kletti þar er skúti, sem hefur fengið nafnið Litla-Baðstofa (130). Þá er næst Kráksgil (131). Kráksgilið er myndað af fjórum giljum frá fjallsegginni, og eru þrjár tungur milli þessara gilja, sem heita Kráksgilstungur (132), Fremsta- (133), Mið- (134) og Innsta-Tunga (135). Niður undan Kráksgilinu er skriða, sem heitir Kráksgilsskriða (136) og neðarlega í gilinu Kráksgilsfoss (137).

Tungufell (138) er milli Kráksgils og Tungufellsgils. Þar eru Tungufellsbrekka (139) efri og neðri (139a) meðfram Kráksgilinu. Tungufellsmegin eru Kráksgilsklytrur (140). Þar í klettunum er reynihrísla nokkuð stór, og er skammt, síðan tekið var eftir, að það væri reynir. Önnur lítil hefur fundizt í Stóruskriðugili austan megin. Ofan í Kráksgilið gengur hryggur, sem kallaður er Háls (140a). Upp af Tungufellsgili er Tungufellsbotn (141).

Skjól (142) heita milli Tungufellsgils og Tæpugötuhamarsgils (143). Þar er Skjólahjalli (144) neðri og efri, Skjólabrekkur (145), Skjólahnúkur (146) neðri og efri (146a). Í Skjólunum eru klettar nafngreindir, Fremstiklettur (147), Struntur (148), Skútaklettur (149) og Klapparklettur (150). Svo er Tæpugötuhamar (151) neðri og efri (151a). Frá Tæpugötuhamarsgili (152) að Miðfellsgili (153) heitir Pálshvammur (154), en uppi frá Kráksgili að Miðfellsgili heitir einu nafni „uppi á Skjólum“ (155). Miðfell (156) er milli Miðfellsgils og Geitafellsgils (157). Þar er Miðfellstangi (158), Miðfellsskriða (159), Miðfellssund (160), Miðfellsmýri (161), Miðfellsbrekkur (162), Miðfellsklytrur (163), Miðfellsþvergil (164), uppi á Miðfelli, Tungan norðan á Miðfelli (165), Háls (166) í Miðfellsgili, Miðfellstindur (167), Miðfellsbotn (168), Tunga (169) framan í Miðfellstindi.

Geitafell (170) er milli Geitafellsgils (171) og Efstafellsgils (172), sem bæði skera fjöllin

sundur upp í eggjar. Kráksgil og Miðfellsgil gera það einnig, en eru mikið styttri. Skriðjökullinn Hoffellsjökull (173), eins og Þorvaldur Thoroddsen kallar hann í ferðasögu um Austur-Skaftafellssýslu, liggur að Geitafelli að vestan og þar niður á sléttan Sand (174). Nú er þessi skriðjökull einu nafni nefndur Svínafellsjökull (175), en Þorvaldur nefnir einnig Svínafellsjökul fyrir vestan Svínafell. Uppi er þetta einn jökull, sem klofnar um Svínafell,  en þá voru tangarnir frá jöklinum lengri en nú og því báðir haft nöfn, en mér er ókunnugt um breytingu á þessu, og eðlilegra virðist, að skriðjökull þessi, sem liggur alla leið ofan frá hájökli meðfram Hoffellsfjöllunum (177), hefði haldið nafninu Hoffellsjökull, nema þá sá tangi, sem gengur niður með Svínafelli að vestanverðu frá aðalskriðjöklinum.  Svo er líka annar Svínafellsjökull (178) í Austur-Skaftafellssýslu, hjá Svínafelli í Öræfum, og veldur það einatt misskilningi hjá ókunnugum, að þessir jöklar hafa sama nafn.  Geitafell endar í tanga niður við sandinn, sem heitir Geitafellstangi (179).  Upp frá honum gengur hár klettahryggur upp með jöklinum að Efstafellsgili (180), sem heitir Geitafellsbjörg (181).  Þessi klettahryggur er allur úr gabbró. Húsberg (182) heitir hátt standberg ofan við tangann; nafnið mun komið af því, að þar voru um eina tíð sauðahús.  Bak við Húsbergið er Vesturhvammur (183); þar við jökulinn, en innan við Vesturhvamm er Merkisteinn (184).  Það er laus steinn, sem stendur þar á stalla utan í háu bergi. Hann fékk það nafn, þegar Helgi Hermann Eiríksson byrjaði á jökulmælingum þar.  Venjulega þegar talað er um Geitafellsbjörgin, er nefnt „austan í Björgunum“,„upp á Björgunum“ og „vestan í Björgunum“. Innst í Björgunum vestan er Innstihvammur (185) og Lómatjörn (186) innst á tanganum við Efstafellsgil. Austurhvammar (187) heita austan undir björgunum fremst. Svo er Melagil (188) upp með björgunum austan og þar fyrir austan Geitafellsmelar (189), Geitafellsmýri (190), Lambasundshnausar (191) vestri og eystri og milli þeirra Lambasund (192).  Um það er vegurinn til Hoffellsnúpa (193), og hafa hagalömbin venjulega verið rekin um það og nafnið komið af því.  Svo er Urð (194) og Austurmelar (195), Geitafellsþvergil (196), Geitafellsbotn (197) og Geitafellstindur (198). Í Geitafellsbotni heitir Innstatunga (199) og Rauðiröðull (200).

Efstafell (201) er milli Efstafellsgils (202) og Stóragils (203). Framfell (204) heitir milli Efstafellsgils og Þverár (205). Á Efstafellssgili eru þrír vegir, Neðsti- (206), Mið- (207) og Efstivegur (208) . Voru þessir vegir farnir eftir því, hve hátt var í vatninu. Efstafellsvatn (209) er í mynninu á Efstafellsgili. Liggur jökullinn þvert fyrir gilinu að vestan og lokar fyrir, þar til vatnið nær sér undir jökulinn. Nú hefur í mörg ár vatnið ekki farið upp fyrir

Neðstaveg, og er hann nú alltaf farinn. Í Efstafelli eru tvö gil, Fremstagil (210) og Stóragil (211). Svo er þar uppi kölluð Fletja (211a). Þá er Efstafellsþvergil (212) og Efstafellsbotn (213). Í Efstafellsbotni er tangi, sem gengur í odd milli Efstafellsgils að austan og Þvergilsins að vestan, sem heitir Háls (214). Þar innar á botninum er gil, sem heitir Skora (215), þá Breiðafell (216) og Innstafell (217). Síðan er kallað Stafninn (218) á Efstafellsbotni. Upp yfir Efstafellsbotni er Efstafellstindur (219). Efstafellsnes (220) heitir tangi, sem er milli jökulsins að vestan og Þverár að austan að Efstafellsvatni. Inn með jöklinum spöl fyrir innan nesið hefur verið lítið stöðuvatn, sem kallað var Pollur (221); er það nú oftast þurrt. Þar lengra með jöklinum er hæð, sem heitir Stórihnaus (222). Upp af nesinu meðfram Þverá heita Gjátangar (223) neðri og efri (223a). Þverá er að ofan í djúpu og þröngu gljúfri, sem heitir Þverárgljúfur (224), þar fyrir ofan Grjótbotn (225); úr Grjótbotni yfir í stafninn á Efstafellsbotni er lægð í eggina bak við Efstafellstind, sem heitir Slakki (226). Innan við Gjátangana taka við klettaröðlar, sem heita Kambar (227); eru það brattar móklappir, sem liggja niður í Gjávatn (228), sem er þar neðan undir. Framan við þá er klettur, sem heitir Matklettur (229); þar höfðu göngumenn áður skilið eftir nesti sitt, þegar gengið var í Núpana (230); var það, áður en byrjað var að ganga yfir jökulinn, og mötuðust þeir þar í framleið. Þá sögu hef ég heyrt frá þeim tíma, sem Jón Helgason sýslumaður bjó í Hoffelli, að einu sinni í göngu hefði maður orðið bráðkvaddur í Kömbunum; urðu þeir að skilja hann þar eftir, en það hefði verið í eina skiptið, sem sýslumaður fór þar inn eftir, þegar þeir fóru að sækja dauða manninn. Hann hefði verið hræddur um, að hinir hefðu gert út af við hann, og vildi sjá verksummerki, en sá, sem mér sagði söguna, sagði, að getið hefði verið til, að maðurinn hefði dáið af berj(a)ormi, sem hann hefði étið með berjum í Gjánúp (231). Næstu þrjú ár á eftir var ekki gengið í Núpana, en svo þegar Núparnir voru smalaðir, eftir þrjú ár, hefðu fundizt meðal annars þrír hrútar þrévetrir í Austurtungunum (232) í Múlanum (233) og hefðu þeir gengið úti, frá því þeir voru lömb. Milli Kambanna að austan, Stórahnauss að sunnan og jökulsins að vestan er stöðuvatn, sem heitir Gjávatn (234). Upp frá því ganga tvö gil, Stóragil (235) og Austurgjá (236). Milli þessara gilja heita Gjáfell (237). Í Kömbunum, þar sem gatan var áður yfir þá, sem var miklu hærra uppi en nú er farið, síðan jökullinn lækkaði og lækkaði í vatninu, voru tveir staðir, sem þóttu sérstaklega vondir yfirferðar, sem heita Kambaklöpp (238) og Kambaskot (239). Innarlega í Kömbunum er röðull, sem heitir Miðháls (240), efst í Stóragilinu (241) heitir Stóragilsstafn (242) og innsta fellið í Gjáfellunum Innstagjáfell (243) og upp yfir Efstafelli og Gjáfellunum Austursker (244). Innst í Austurgjánni Austurgjáarstafn (245). Upp yfir

Gjáfellunum eru hamrar, sem kallaðar eru Gjáfellarákar (246). Fjöllin fyrir innan Austurgjá eru einu nafni kölluð Hoffellsnúpar (247).

Gjánúpur (248) er milli Austurgjáar og Vesturgjáar (249). Frá Gjánúp er tangi út í Gjávatnið, sem heitir Gjánúpstangi (250), þar upp af Gjánúpsbrekkur (251). Upp af brekkunum gengur fjallið fram í egg, sem heitir Hamrahorn (252). Vestan megin er kallað „vestan á Gjánúp", en austan megin Austurrákar (253). Niðri í Gjánúp austan heitir Gjánúpshryggur (254), Gjánúpshvammur (255), Gjánúpsurð (256) og Gjánúpsháls (257). Skora austan við hornið heitir Skriðuskot (258) og ein rák þar, sem oft er farin, Rauðarák (259).

Innst í Austurrákunum heitir Innri- (260) og Fremri-Gjáartunga (261) og þar fyrir framan Langagil (262). Vestan á Gjánup uppi heita Miðhamrar (263) og Breiðahorn (264) og efst „uppi á Gjánúp" og svo Urðarhnaus (265) og Gjánúpstindur (266).

Lyngtungnafjall (267) er næsta fjall fyrir innan Vesturgjá, og nær það að Miðlungshjallagili (268) í neðra. Fram með Vesturgjánni, sem er djúpt gljúfur og liggur út að Gjávatninu, eru hamrar neðst í Lyngtungnafjallinu, sem heita Lyngtungnafjallshamrar (269). Neðarlega í þeim er rák, sem heitir Tæparák (270). Var hún farin, þegar Gjávatnið stóð svo hátt, að ekki varð komizt neðan undir hömrunum, og þótti ýmsum hún glæfravegur. Önnur rák liggur af Gjánúp vestur yfir í Lyngtungnafjall, sem heitir Breiðarák (271). Áður en ég fór að ganga í þessi fjöll, kom það fyrir, að svo hátt var í vatninu, að ekki varð komizt Tæpurákina, og varð þá að fara upp í Breiðurák. Uppyfir Vesturgjánni er botn, sem kallaður er Vesturgjáarstafn (272). Framan í Lyngtungnafjallinu heita Lyngbrekkur (273) og Lyngtungnafjallshjalli (274). Svo er kallað „austan í Lyngtungnafjalli". Þar eru tveir hamrar, nefndir Háivegghamar (275) og Svarthamar (276), en uppi heita Lyngtungnafjallssker (277) frá Vesturgjáarstafni að Stóragili. Miðlungshjallagilsstafn (278) heitir þar, sem Miðlungshjallagil endar uppi í Skerjunum (279). Fyrir innan Miðlungshjallagil er Miðlungshjalli (280) og Miðlungshjallabrýr (281) fyrir ofan, en „undir Miðlungshjalla" fyrir neðan og Miðlungshjallagilsrák (282). Þá er Grasbotn (283) niður við Múlavatnið (284). Þar er Grasbotnsrákar (285), Grasbotnsgil (286), Grasbotnssvelti (287), Grasbotnshjalli (288). Innan við Grasbotn er klettaröðull, sem heitir Tunga (289), og fyrir framan hana er Tungugil (290), þar fyrir innan Stóragilsgljúfur (291), Stóragil (292) og Stóragilsfoss (293), þar fyrir innan Sultartungur (294); ganga þær niður í odda milli Stóragilsgljúfurs og Múlagljúfurs (295). Framan í þeim eru hamrar, sem eru kallaðir Sultartungnarákar (296). Upp frá þeim heita Sultartungnasker (297) milli Stóragils og Múlaáar (298).

Múlinn (299) er fjallshryggur, sem gengur lengra fram en hin fjöllin, og skilur Múlaá hann frá hinum fjöllunum.  Hún kemur frá jökli í tveimur kvíslum, og heitir þar Múlaáarstafn (300) og Múlaáartunga (301), sem myndast, þar sem gilin koma í eitt.  Í Múlaá er foss, sem heitir Múlafoss (302), og steypist hann niður í Múlagljúfrið (303), og þaðan rennur áin út í Múlavatn (304), sem er þar við jökulinn. Í Múlanum heita Austurtungur (305) næst Múlagljúfrinu og Austurtungnarákar (306) fyrir neðan; svo er Miðtungnagil (307) og þar fyrir framan Miðtungur (308); yfir gilið er rák, sem heitir Miðtungnarák (309); var hún venjulega farin milli tungnanna og var oft vond, eftir að fór að frjósa, vegna bólstra, sem koma í hana. Í seinni tíð hefur verið farin rák á neðstu klettunum, sem reynist betur, þegar gaddur er kominn. Í henni vaxa nokkrir Stóruburknar (310), og hef ég ekki séð þá hér annarsstaðar; hefur hún fengið nafnið Burknarák (311).  Í Miðtungunum er hjalli, sem heitir Miðtungnahjalli (312). Fyrir vestan þær er Vesturtungnagil (313), Vesturtungur (314) og Vesturtungnaskora (315), þar fyrir vestan Múlasporður (316) uppi og niðri. Uppi yfir Tungunum heitir Múlahjalli (317) og síðan Múlasker (318). Framarlega á Skerjunum er Stórihnaus (319). Traðir er skurningur (skorningur, vatnsrás) ofarlega á Skerjunum og þar ofar Sleðahnaus. Þegar þeir Helgi sonur minn og Hlöðver Sigurðsson fylgdu H. Verleger? norður til Snæfells, skildu þeir sleðann eftir í bakaleið hjá þessum hnaus, og fékk hann nafnið af því. Fyrir vestan Múlann er sker upp úr jöklinum. Sést það vel utan úr sveitinni, og segja menn þar, að það stækki mikið á hverju ári, og hafa gefið því nafnið Nýju-Núpar (322).

Hef ég þá talið örnefni vestan Hoffells og mun þá hverfa heim aftur og byrja austan megin.  Sandurinn (323) fram af bænum næst. Sandurinn: Mói (324) heita mosageirar meðfram Hoffellsá (325).  Þá er Kyrkisrimi (326), Indriðabakki innri (327), Indriðabakki ytri (328), Ingimundarbakki (332) og Rimahólmar (329), Sefhólmi (330), Breiðkuhólmi (331) (ekki breiður), Ingimundarbakkatjörn (333), Svínafellshólmi (334) og Svínafellshólmatjörn (335). Töglin (336).  Taglakíll (337) er nú grasi vaxin lægð. Fór þar áður áll úr Fljótunum.  Þverbakki (338), Þverbakkahorn (339) vestra og eystra (339a), Rotskalli (340), Leirkrókur (341), Leirkróksrimi  (342) eystri og vestri (342a), Pálsrotsrimi (343), Blautastykki (344), Austurrimar (345), Vesturbakki (346), Yztalægð (347), Taglaendi (348), Mosar (349), Péturshólmi (350), Ólafstangi (351) austan við Péturshólma, Taglhólmi (352), Hesthólmi (353), Hesthólmaþúfur (354), Svepphólmi (355), Svepphólmatjörn (356), Skógarhólmi (357), Gráflekkuhólmi (358), Stórhólmi (359), Arahólmi (360) var fyrir vestan Stórhólma, en var að mestu í sand um síðustu

aldamót, Stórhólmatagl (361), Stórhólmaþúfur (362), Ófæruhólmi (363), Kringlur (364), Fit (365), Skúmsþúfur (366), Gildrasker (367); Teygingar (368) er kallað fyrir ofan Hólmana á Sandinum og Sefþúfur (369).

Hoffellsá: Byrjað að telja neðan frá. Litlahraunshylur (370), Háfshald (371), góður veiðistaður fyrir silung, háfur - net, Rimahylur (372), Setbergsáarmynni (373), Foss (374); rann áin þar um tíma á jarðvegi, og myndaðist þar foss; Móalón (375), Kvíslarmynni (376), Leiruhólmalón (377), Króksbakkalón (378) og Gljúfrabotnsbakkalón (379). Bakkarnir (380) eru milli Hoffellsár og Setbergsár (381); eru þeir nú aðalengjarnar. Ljótusvæðurimi (382), Ljótasvæða (283), Króksbakki (384) ytri og innri (384a), Króksbakkarot (385), Króksbakkatjörn (386), Gljúfrabotnsbakkar (387), Gljúfrabotnsbakkalækur (388), Innbakkar (389), Skógargötur (390).

Leiran (391) og aurarnir: Leiran var um tíma slægjuland, og voru gerðar talsvert stórar áveitur þar, en áin rann inn í áveiturnar í vöxtum og eyðilagði garðana svo að lokum, að hætt var að gera við þá og notuð fyrir bithaga síðan. Leiruhólmi (392) eystri og vestri (392a), Leiruhólmabakki (393), Leiruhólmakíll (394), Fremsti-Garður (395), Góðalónstangi (396), Miðgarður (397), Góðalónsbakki (398), Keldutangi (399), Innsti-Garður (400), Brúin (401), Leirubakki (402), Áarhólmi (403), Innleira (404), Stóruskriðubakki (405), Leirutagl (406), Syðsta-Eyja (407), Miðeyja (408), Selmosar (409), Landkvíslin (410), Eystri-Krókur (411), Innri-Krókur (412), Stíflur (413), Þröng (414), Keldan (415), Góðalón (416), Góðalónsbrot (417), Góðalónskelda (418), Keldukjaftur (419), Krókhylur (420), Morkílsmynni (421), Morkíll (422), Þverkílsmynni (423), Þverkíll (424) eystri og vestri (424a), Þverkílsbotn (425) eystri og vestri (425a), Stóruskriðubrot (426), Stóruskriðuhylur (427), Hálsupyttur (428), Kvíslarbotn (429). Austurdalur (430).

Austurbringur (431) og Fjallið (432) að austan: Þar sem vegurinn kemur á Sandinn, er einstakur klettur í horninu, sem heitir Skökuklettur (433). Sagt er, að heyrst hafi strokkhljóð í klettinum og hafi hann fengið nafnið af því (sbr. Dumlu- eða (Demlukletta (434)) í Borgarhöfn, S. E.), en sennilegra er, að nafnið komi af því, að hann er eins og smjörskaka í lögun. Gamlastekkatúnsklettar (435) heita klettar, sem eru niður undan suðausturhorninu á túngirðingunni; þar var Stekkatúnið (436) fram undir miðja nítjándu öld. Sjást þar vel tætturnar. Ofan við klettana er uppspretta, sem kölluð er Dý (437). Frá henni rennur lækur innan við klettana, sem heitir Þvottalækur (438) og neðst Þvottalæksmynni (439) (ekki:-lækjar-). Upp af

túninu austanverðu er hár kambur í fjallinu, sem heitir Bæjarhamar (440), og vegghamar, sem er vestur frá honum, Efribæjarhamar (441). Undir Bæjarhamrinum er Bæjarhamarsbrekka (442) og Bæjarhamarsbelti (443)(klettabelti). Þar niður undan við túngirðinguna heitir Kvíabrekka (444), fyrir innan hana Hlaup (445). Svo heitir Gamli-Stöðull (446), svo Stöðlaklettur (447), Stöðlaklettsendi (448), fyrir ofan hann Hæð (449) og upp af Stöðlaklettsbrekka (450); næstur er Langiklettur (451). Fyrir ofan klettinn er uppspretta, og rennur lækur frá henni gegn um skarð í klettinum, og heitir hann Langaklettslækur (452) og skarðið Vonarskarð (453). Er það nafn orðið til af því, að þegar heyjað var á Leirunni (454), sem er þar niður undan, var leiðin venjulega um skarðið, og sást ekki úr slægjunni lengra heim á leið; var þá einatt rennt vonaraugum til skarðsins, þegar matar var von eða annarrar hressingar. Nestisklettur (455) heitir klettur þar innar og neðar; var oft setið þar að mat, þegar eitthvað var að veðri. Langaklettsendi (456) heitir sá endinn á Langakletti, sem að fjallinu veit. Þar upp af er Lækjarskriða (457), Lækjarskriðugil (458), Lækjarskriðuhamar (459) og fyrir innan skriðuna Lækjarskriðuhvammur (460), þar fyrir innan Grjóthólar (461) og Dýklettur (462). Þar upp af í fjallinu er Hellir (463), var áður hafður fyrir fjárskjól; hann var talinn 200 ferálnir (gólfflötur) og 7 álnir á hæð. Þegar Jón Helgason sýslumaður bjó í Hoffelli, hafði hann sauðina við Hellirinn á nóttinni. Nú er það eitt sinn, að sauðamaður er með sauðina fyrir vestan bæ, að gerir norðaustan byl með miklu kafaldi. Kemur hann sauðunum með illan leik heim að bænum, en þá var óhugsandi að koma þeim að Hellirnum, því veðrið var alveg á móti. Heima voru ekki önnur hús en kirkjan og bæjargangurinn, sem hægt var að koma sauðunum fyrir í, og vill sauðamaður fá sýslumann til að opna kirkjuna, en sýslumaður neitar að opna kirkjuna og telur það ómennsku af sauðamanni að koma ekki sauðunum í Hellirinn. Kemur þá til ráðsmaður sýslumanns, sem Narfi hét, og segir ófært með sauðina og heimtar kirkjulykilinn af sýslumanni. Gaf þá sýslumaður eftir og fékk honum lykilinn. Er svo sagt, að hann hafi venjulega látið að orðum Narfa, þó hann stífur væri við aðra. Voru svo sauðirnir látnir í kirkjuna og afgangurinn í bæjarganginn, þar til veðrinu slotaði.

Einu sinni kom það fyrir, að ærsmalinn hér treystist ekki að koma ánum heim úr haganum vegna hálku. Fjárhúsin voru heima á túni og mikil svellalög komin, einkum á túnið og í kringum það. Vildi hann þá reyna að fara með ærnar í Hellirinn og fékk okkur Björn, bróður minn, með sér. Við vorum þá ungir, sennilega 10 ára sá eldri. Það gekk furðu vel að reka ærnar upp Skriðurnar (464), sem eru brattar, en þær voru auðar eða engin svell í þeim. En við fengum ekki

ærnar til að ganga inn, fyrr en við vorum búnir að kveikja ljós inni.  Þær komust vel fyrir í Hellirnum, hafa sennilega verið um 150.  Við rákum þær þarna upp tvö kvöld næstu, og runnu þær þá viðstöðulaust upp og inn í Hellirinn.  Síðan ég man eftir, hefir Hellirinn ekki verið notaður annað.

Niður af Grjóthólunum er lægð ofan Bringurnar, sem er kölluð Mosasund (465).  Þar nokkru innar er Fjárhúsklettur (466); eru greinilegar tættur þar, enda voru ærhúsin þar fram yfir 1800. Þar fyrir framan er Fjárhúslækur (467); í fyrra sumar var byggð þar klakstöð (1934), og er þar með horfið gamla nafnið af læknum og umhverfinu, sem í daglegu tali var kallað Fjárhús (468), og heitir það nú Klakstöð (469). Fyrir innan Austur-Bringur (470) tekur við Stóraskriða (471) og upp af henni Stóruskriðugil (472) og upp af því Skriðuhjallabrýr (473), en fyrir framan skriðuna niðri Stóruskriðubrekka (474) og Stóruskriðuhamar (475), fyrir innan gilið uppi Skriðuhjallar (476) efri og neðri (476a); nokkru innar er Urðarskriða (477), en milli hennar og Stóruskriðu er kallað „milli Skriðanna“. Upp af Urðarskriðu er Urðarskriðugil (478) og brattar skriður upp af því, Ófæruskriður (479); er oft ófært yfir þær, eftir að hjarn er komið. Fyrir innan Urðarskriðu er uppsprettulækur, sem heitir Urðarskriðulækur (480), og þar í kring Þéttugrjót (481). Uppi heita Ófæruhjallahamrar (482), Ófæruhjallar (483) efri og neðri (483a), þar fyrir innan Skora (484), Stórihvammur (485), Stóra-Hvammshlaup (486) fremra og innra (486a) og Stórahvammsgil (487) fremra og innra (487a), þar upp af Selhamrar (488) og Selhjallar (489) uppi.  Í Ófæruhjallahömrum eru 10 svelti og Selhömrum 5, sem kindur hafa verið sóttar í; kemur það árlega fyrir að sækja kindur í þessi svelti; kemur það fyrir, að kindur daga þar uppi, áður þeirra verður vart, einnig að kindur hrapa þar niður.  Sel (490), Selhryggur (491), Selhóll (492), Selgil (493), Sellækur (494), Selrof (495), Selgrund (496).

Engar sagnir eru um selið þarna og ekki hægt að sjá með vissu, hvar það hefur verið, en þegar ég var ungur, heyrði ég gamalt fólk segja, að það hefði verið ofan við Selhólinn og þar mætti sjá fyrir tóttum (en ekki hef ég getað séð þar tættur með neinni vissu). Sjást þær enn greinilega við nána athugun.  Um 1700, er talið, að Hoffell eigi selstöðu góða á Reifsdal (497) og jafnframt að Hoffell eigi þá selstöðu í Árnaneslandi (498) tveggja mánaða tíma fyrir allan búsmala og næturrekstur í Hólajörð; var það fyrir upprekstur, sem þær jarðir höfðu í Hoffellsfjöll (499). Austur af Selinu í aurinum er einstakur klettur, sem heitir Surtarbrandsklettur (500); ekki lítur út fyrir, að surtarbrandur sé í klettinum, en surtarbrandsmolar hafa fundizt á áareyrunum, og gæti einn slíkur hafa fundizt hjá klettinum og hann dragi nafn af því. Ólafshjallar (501) heita frá

Selgili að Ólafshjallagili (502) uppi, þá Tunga (503) og Tungugil (504), Klifahjallar (505) og Klifahjallabrekka (506). Á Klifahjöllum má sjá leifar frá þeim tíma, sem unnið var í Námunni (507); þar höfðu verkamennirnir aðsetur. Ég fann silfurbergið 15. desember 1910, og var unnið þar næstu árin til 1914; mynduðust þá örnefni þar, sem síðan hafa haldizt við, og eru það: Námugata (508), Munkaþverá (509), lækur, sem gatan liggur yfir, Rembingur (510), brattur hjalli á leiðinni upp, Námugil (511), sem silfurbergið er í, og hafði það ekkert nafn áður. Golbílduhjallar (512) heita þar uppi og upp undir egginni Mosabotnar (513). Niður frá Golbílduhjöllunum liggja hryggir milli gilja, sem eru kallaðir Golbílduhjallaröðlar (514).

Grasgilin (515): Innan við Golbílduhjalla er Fremsta-Grasgil (516) og Fremstagrasgilsröðull (517), fyrir neðan Rauðhóll (518); þar fyrir innan er nokkurt svæði, sem kallað er einu nafni Grasgil (519). Svo er Stóragrasgilsröðull (520) fremri og innri og milli þeirra Stóragrasgil (521); þar fyrir innan heitir Stórhólsskriða (522), og neðst á henni eru mosafletir, sem heita Hólaskó(g)smosar (523), en þarna er hvergi skógur. Upp yfir Grasgiljunum og Stórhólsskriðunum (eru) Grasgiljahamrar (524). Undir Hömrunum innst er Stórhóll (525) og þar fyrir innan Stórhólsgil (526), en neðar við ána eru tveir hólar, sem heita Fremranes (527) og Innranes (528). Þar fyrir innan er kallað Dalstafn (529). Fyrir innan Stórhólsgil heita Fossdals-hamrar (530); ná þeir alla leið inn í Fossdalsgljúfur (531). Þar niðri undir hömrunum er hvammur, sem heitir Grenishvammur (532). Í gljúfrinu er Fossdalsfoss (533). Þar fyrir austan ána heitir Öldutangi (534), og kemur Öldulækur (535) fyrir austan hann úr jöklinum og rennur í Hoffellsá fyrir framan tangann.

